

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2074
komudagur 9.4.2008



Akraneskaupstaður

Umhverfisnefnd Alþingis
c/o Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var þann 3. apríl s.l. var m.a. fjallað um bréf skipulags- og byggingarnefndar, dags. 1.4.2008. Vísun frá bæjarráði Akraness þann 6. mars s.l. þar sem óskað var umsagnar byggingar- og skipulagsnefndar vegna frumvarpa Alþingis. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti greinagerð sem fylgir bréfi þessu.

Það tilkynnist hér með að bæjarráð samþykkti greinargerðina á ofangreindum fundi.

Akranesi, 8. apríl 2008.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón P. Pálsson', written over a horizontal line.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarráttari.

Meðfylgjandi: Greinagerð skipulags- og byggingarnefndar.

JPP/bg
Skj. 000.2/Ak.44920



Umsögn skipulags og byggingarnefndar Akraneskaupstaðar um frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarp um breytingar á lögum um brunavarnir.

Bæjarráð Akraness hefur óskað eftir því við skipulags- og byggingarnefnd að hún taki til umfjöllunar og gefi umsögn um framangreind lagafrumvörp. Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum og er sammála um eftirfarandi umsögn til bæjarráðs.

1. Frumvarp til skipulagslaga. 374. mál

Nefndin fagnar þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvarpinu til að gera skipulagsvinnuna skilvirkari og stytta þann tíma sem hagsmunaaðilar hafa staðið frammi fyrir miðað við nógildandi lagaumhverfi en telur að jafnvel hefði átt að ganga lengra í þessu efni.

10. grein – Landsskipulagsáætlanir

Með nýju ákvæði um landsskipulagsáætlanir án beinnar aðkomu sveitarfélaga er verið að hverfa aftur til miðstýringar skipulagsmála á Íslandi. Þetta er mikil afturför og getur valdið ófyrirsjálegum átökum í framtíðinni milli ríkis og sveitarfélaga um landnýtingu. Frekar ætti að kveða á um ákveðna þætti landnýtingar þar sem þegar hefur verið sett fram eða er í stefnumörkun á landsvísu s.s. varðandi samgöngur, náttúrverndarsvæði og þjóðlendur. Sveitarfélög ættu áfram að sjá um aðra þætti skipulagsmála hér eftir sem hingað til.

Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu “hafa til hliðsjónar eftir því sem við á” í 3. mgr. Spyrja má hvort verið sé að opna fyrir möguleika á breytingar á samþykktum skipulagsáætlunum sveitarfélaga án samþykkis þeirra.

Nauðsynlegt er að vinna landsskipulagsáætlun á svæði hvers sveitarfélags í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag en ekki leita eingöngu umsagnar þegar skipulagið hefur verið mótað.

11. grein – Málsmeðferð

Ljóst er að þessi grein ýtir mjög undir miðstýringu skipulagsmála á Íslandi og er ekki gert ráð fyrir beinu samráði við einstök sveitarfélög heldur í stað þess við Samband íslenskra sveitarfélaga og að sveitarfélög séu umsagnaraðili ef “hlutaðeigandi landsskipulagsáætlun varðar þau sérstaklega”.

Skj. 000.2/Ak-44785

GH
B.M.
B.N.
B.G.
G.H.

Framsetningin í frumvarpinu opnar á átök um landnýtingu án þess að sett sé upp ferli við að leysa slíkan ágreining. Augljóslega er verið að draga úr forræði sveitarfélaga á Íslandi varðandi nýtingu eigin lands sbr. umsögn um 10. grein.

28. grein – Aðalskipulag

Í 3. mgr. þessarar greinar segir: “Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara, landsskipulagsáætlun, o.s.frv.”. Þetta styður framangreindar ábendingar varðandi 10. og 11. grein.

30. grein – Gerð aðalskipulags, kynning og samráð

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um tillögur sem ekki uppfylla settar kröfur um aðalskipulag að mati Skipulagsstofnunar. Til að koma í veg fyrir ágreining milli sveitarfélags og Skipulagsstofnunar er mikilvægt að skýrt sé hvernig leysa beri slíkan ágreining og hver eigi að hafa síðasta orðið. Óljóst er hvaða tilgangi það þjónar að auglýsa tvær tillögur ef samkomulag næst ekki þ.e. tillögu sveitarfélagsins og hinsvegar athugasemdir Skipulagsstofnunar.

36. grein – Breytingar á aðalskipulagi

Í þessari grein er m.a. fjallað um verulegar og óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Undanfarin ár hafa oft komið upp álitæfni um þetta á milli sveitarfélags og Skipulagsstofnunar. Því væri mjög mikilvægt að skilgreina nákvæmar en greinin gerir í frumvarpinu muninn á verulegri og óverulegri breytingu á aðalskipulagi.

43. grein – Breytingar á deiliskipulagi

Hér á við sama athugasemd og gerð er við 36. grein þ.e. að þörf er á skýrari skilgreiningu á muninum á verulegri og óverulegri breytingu deiliskipulags.

52. grein – Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála

Í greininni er fjallað um hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna ágreinings um skipulags- og byggingarmál. Í greininni er getið um mánaðarfrest til að skjóta kærumálum til nefndarinnar auk þess sem vísað er til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferð.

Reynsla undanfarinna ára af störfum þessarar nefndar er að hún ræður á engan hátt við verkefni sitt hvað varðar þann tímaramma sem gildandi lög setja henni. Í ljósi þessarar reynslu er ljóst að tryggja verður að nefndin hafi bolmagn til hraðari málsmeðferðar þar sem núverandi staða dregur mjög úr gildi þessa úrræðis fyrir borgarana og eykur á þau vandamál sem slíkum kærumálum fylgja.

Það hlýtur einnig að vera eðlileg krafa að kærendur séu gerðir fjárhagslega ábyrgir reynist málatilbúnaður ekki á rökum reistur og að hagsmunir þeirra sem fyrir kæru verða í slíkum tilfellum séu tryggðir í lögunum.

SKJ. 000.2/AK-44785
MB
BS
GK

2. Frumvarp til mannvirkjalaga

Byggingarstofnun sem sett verður á laggirnar samkv. frumvarpinu hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar hlýtur það að vera mikið álitamál hvort fyrirhuguð stofnun eigi að fá það vald að geta veitt byggingarleyfi eins og kveðið er á um í 8. grein.

Ljós er einnig samkvæmt frumvarpinu að umtalsverður kostnaður mun hljóta af rekstri þessarar nýju stofnunar sem að líkum mun leiða til aukins kostnaðar fyrir byggingaraðila og varar nefndin við því.

Að öðru leiti gerir nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

3. Breytingar á lögum um brunavarnir

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Akranesi 31. mars 2008

Bergþór Helgason

Björn Guðmundur

Gunn Eldri

Guðmundur Hagniss

Hagniss Þórunn